Skilalýsing Mýrargata 26 Reykjavík

-VESTURHÖFN-

1.1 Almenn atriði

Skilalýsing þessi gildir fyrir þær íbúðir Byggakurs sem skilað verður fullbúnum án gólfefna en með flísalögðum baðherbergjum og þvottahúsgólfum. Íbúðir afhendast í samræmi við teikningar og skilalýsingu þessa.

1.2 Byggingaraðili

Byggingaraðil er Byggakur ehf en aðalverktaki er Atafl ehf.

1.3 Mýrargata 26

Mýrargata 26 er 7 hæða lyftuhús með 68 íbúðum, sjá teikningar arkitekta. Í byggingunni eru tveir stigagangar með samtals 3 lyftum sem ganga niður í sameiginlegan bílakjallara undir húsinu en kjallarinn er á tveimur hæðum. Í kjallaranum eru 90 bílastæði, hluti þeirra eru aðskildar bílgeymslur, auk geymsla sem fylgja flestum íbúðum.
Húsið er staðsett í Vesturbugt við Reykjavíkurhöfn, í nýju hverfi sem nýlega var deiliskipulagt. Verslun og þjónusta er í léttu göngufæri og stutt í helstu stofnleiðir út úr borginni.

1.4 Efnis áferðir utanhúss og frágangur

Burðarkerfi hússins er að mestu hefðbundið staðsteypt og útveggir einangraðir að innan, nema 7. hæðin sem er að hluta með stálburðarvirki. Útveggir eru sléttsteyptir á neðri hæðum, filteraðir og síðan málaðir en hluti útveggja á efstu hæðum er einangraður að utan og að hluta klæddir harðviðarklæðningu (Padouk).

Vandaðir ál-trégluggar frá Velfac eru í húsunum og stofugluggar flestir gólfsíðir. Svalagólf verða frágengin með viðarklæddu yfirborði en svalagangar verða með steyptu yfirborði. Svalahandrið verða úr málmi og öryggisgleri í samráði.

Sameign og lóð eru fullfrágengin, gangstígur á lóð verður hellulagður, garðasvæði á 6. og 7. hæð verða hellulögð að hluta og timburdekk að hluta í samræmi við lóðahönnun sem tekur mið af umhverfi og nálægð við hafnarbakkann. Miðjugarður verður hellulagður með snjóbræðslu.

1.5 Frágangur sameignar og geymsla

Lyftur eru tvær í öðru stigahúsinu og ein í hinu af gerðinni Kone og verða þær frágengnar við afhendingu. Gólf í anddyrum stigahúsa verða flísalögð. Veggir í anddyri og stigagöngum verða spartlaðir og málaðir. Veggir og loft í anddyri og stigagöngum verða spörtluð og máluð. Stigahlaup og stigapallar verða teppalögð. Útihurðir og anddyrishurðir eru ýmist úr áli eða ál/tréhurðir.

Hurðir að íbúðum verða ál/tréhurðir frá Velfac, fullfrágengnar með tilheyrandi hurðarbúnaði. Póstkassar verða staðsettir í anddyri ásamt mynddyrasíma.
Íbúðum fylgir geymsla í kjallara en nokkrar íbúðir eru þó með geymsluna innan íbúðar.
Gólf í geymslum verða máluð og veggir verða óeinangraðir léttir veggir, málaðir.
Ofnhitakerfi og hefðbundin lýsing verður í sameign og geymslum að undaskildum bílakjallara sem er hitaður að 10°C með hitablásurum.

1.6 Frágangur íbúða

Sérstaða flestra íbúðanna á Mýrargötu 26 er að þær ganga þvert gegnum byggingarnar og hafa svalir út á við en að miðjugarði eru svalagangar. Íbúðirnar verða því bjartar og flestar með útsýni. Efstu íbúðirnar eru inndregnar og hafa að auki útsýni af svölum og svalagörðum.
Íbúðum er skilað fullbúnum án gólfefna að öðru leyti en því að gólf í baðherbergi og þvottahúsi verða flísalögð sbr. grein þar um. (sjá Efnis-/Tækjalista)

Milliveggir innan íbúða verði hefðbundnir gifsplötuveggir einangraðir með steinull og klæddir tvöföldu gifsi hvoru megin, spartlaðir og málaðir.

Innréttingar, hurðir og skápar eru íslensk sérsmíði frá Selós ehf með yfirborð úr blöndu af spónlagðri eik og hvítlakkaðar (80% glans), ljúflokunum og plastlögðum borðplötum.
Við hönnun eldhúsa var leitast við að svara kröfum neytenda um nútíma skipulag og góða nýtingu á skápaplássi. Eldhústæki verða af gerðinni Electrolux, þ.e. hverri íbúð fylgir blástursofn, keramik eða spanhelluborð með fjórum hellum og gufugleypir af gerðinni Amica, með kolasíu. (sjá Efnis-/Tækjalista)

Baðherbergisgólf verða flísalögð og veggir að hluta, helmingur veggja að jafnaði, hæð 2,1m. Flísarnar eru frá Álfaborg. Miðað er við vegghengd salerni með innbyggðum vatnskassa frá Tengi sem og blöndunartæki. Sturtuhlið er með hertu öryggisgleri. Þvottahúsi er skilað með flísalögðu gólfi, flísar af sömu gerð og á baðherbergjum og skolvaski úr stáli. (sjá Efnis-/Tækjalista)

Gólfhitalagnir (vatnshitalagnir) ásamt stjórnbúnaði eru í íbúðunum til upphitunar.
Handklæðaofn er á baðherbergi. Loftræsting er á böðum.

Hverri íbúð fylgir slökkvitæki, reykskynjari, læsanlegur lyfjaskápur, mynddyrasími og bílastæði/bílageymsla í bílakjallara ásamt fjarstýribúnaði til opnunar á bílahúsi. Í bílakjallara hússins eru flestar séreignageymslur íbúða.

1.7 Þjónusta við kaupendur

Byggakur leggur áherslu á viðskipti við trausta söluaðila sem veita góða þjónustu, bjóða gæða vörur og mikið úrval.
Allar breytingar sem kaupandi óskar eftir eru háðar samþykkis Byggakurs og er allur aukakostnaður sem af þeim hlýst á ábyrgð kaupanda. Byggakur áskilur sér rétt til seinkunar á afhendingu sé um breytingar að ræða.

1.8 Öryggiskerfi, sameign og bílageymslu

Loftnets og símatengingar:
Sjónvarpsloftnetstenglar eru frágengnir í helstu íverurýmum, þ.e. tölvutengill og sjónvarpstengill í stofu og símatengli í hjónaherbergi, en frekari lagnaleiðir eru til staðar í veggjum.
Tengikassi fyrir stjörnutengingu síma, tölvu- og loftnetstengingu er í hverri íbúð.

Slökkvikerfi í bílgeymslu:
Í bílgeymslu er sjálfvirkt vatnsúða slökkvikerfi.

1.9 Hönnuðir

Arkitektar: Gláma Kím
Burðarþol og lagnir: VSB
Raflagnir: VSB

Byggakur áskilur sér allan rétt til að gera nauðsynlegar efnis-, útlits- og tæknilegar breytingar meðan á byggingarframkvæmdum stendur.

Efnis/Tækjalisti

Efni/Tæki	***Tegund***	***Söluaðili***
Gólfflísar 33x33	*Shift Beige*	Álfaborg
Veggflísar 25x45	*System White*	Álfaborg
Eldhúsvaskur	*Intra-Universo*	Tengi
Eldhústæki	*Mora FMM ECO*	Tengi
Baðvaskur	*Sphinx280*	Tengi
Baðvaskur á vegg (tilfallandi)	*Ifö Sign 7352*	Tengi
Handlaugatæki	*HANSAPOLO*	Tengi
Ræstivaskur (tilfallandi)	*Ifö CU44*	Tengi
Blöndunartæki ræstivaskur (tilfallandi)	*Kaja Classic 150*	Tengi
Sturtusett	*Mora Cera 2 T4*	Tengi
Baðkar (tilfallandi)	*KALDEWEI Saniform*	Tengi
Baðblöndunartæki (tilfallandi)	*Mora Cera 2 T4*	Tengi
Spanhelluborð Electrolux (eða keramik)	*EHI 6740 FOK*	Húsasmiðjan
Bakarofn Electrolux	*EOB 5417 AOX*	Húsasmiðjan
Eldhúsháfu Amica vegg (tilfallandi)	*OKP 631 G*	Húsasmiðjan
Eldhúsháfur Amica eyja (tilfallandi)	*OWC931G*	Húsasmiðjan
Klósettkassi innbyggður	*Geberit*	Tengi
Upphengt klósett	*Sphinx 280*	Tengi
Klósettseta	*Mali Soft Close Standard*	Tengi



Cera 2 sturtusett með T4 blöndunartækjum

Vnr. 20241900

Smiðjuvegur 76 | 200 Kópavogur | Sími 414 1000 | Fax: 414 1001
Baldursnes 6 | 603 Akureyri | Sími 414 1050 | Fax: 414 1051

tengi@tengi.is | **www.tengi.is**



Cera 2 T4 Baðblöndunartæki

Vnr. 20240100

Smiðjuvegur 76 | 200 Kópavogur | Sími 414 1000 | Fax: 414 1001
Baldursnes 6 | 603 Akureyri | Sími 414 1050 | Fax: 414 1051

tengi@tengi.is | **www.tengi.is**

TENGI







KALDEWEI
Saniform

Vnr. 3537500
Stál 3,5mm

Smiðjuvegur 76 | 200 Kópavogur | Sími 414 1000 | Fax: 414 1001 |
Baldursnes 6 | 603 Akureyri | Sími 414 1050 | Fax: 414 1051 |
tengi@tengi.is | www.tengi.is

Ifö Public Steel sink CU 44

The CU 44 utility room sink is made of classic stainless steel sheet and the splashback is made of textured steel sheet. The strainer holes are stamped directly in the bottom of the bowl. The CU 44 is supplied as standard in fully assembled form and with mounting
screws and bowl connection to the water trap. It has mounting holes for a hinged grating.

Product	Ifö no
Ifö CU 44 Waste bowl	0399980
Ifö CU 44G Waste bowl incl. hinged grating	0399981
Ifö CU 44B Waste bowl incl. overflow	0399982
Ifö CU 44 GB Waste bowl incl. hinged grating and overflow	0399983
Rim flushing frame for CU 44	0399480
Hinged grating CU 44	0399580



Sink CU 44

The CU 44 utility room sink is made of classic stainless steel sheet and the splashback is made of textured steel sheet. The strainer holes are stamped directly in the bottom of the bowl. The CU 44 is supplied as standard in fully assembled form and with mounting screws and bowl connection to the water trap. It has mounting holes for a hinged grating. Water trap underside, R 1 1/2 " connection, Ifö no. 8864080 25 is included.

Accessories:
12 mm diameter rinsing ramp with smooth end and with fixed mounting brackets of 18/10 stainless steel. The rinsing ramp can easily be removed for cleaning and then refitted. The hinged grating is made of 8 mm diameter stainless steel and can easily be snapped off and on.

1



2



Accessories 1. Rinsing ramp **2.** Grille

Kaut & Janke GmbH & Co. KG
Am Ballo 14
D-58675 Hemer
www.kaja-armaturen.de
Tel.: 02372 / 9094-0
Fax 02372 / 9094-60/61
info@kaja-armaturen.de

KAJA CLASSIC
Spültisch-Wandbatterie, DN15
PA -IX 7758/IB, Durchflussklasse B
Durchflussmenge: 13 l/min
bei 3 bar Fließdruck

verdeckte S-Anschlüsse,
S-Rohrschwenkauslauf,
Luftsprudler M22x1

Art.-Nr.: 31004 mit Auslauf 200 mm
Art.-Nr.: 31003 mit Auslauf 150 mm

Oberfläche	Art.-Nr. Kronengriff	Art.-Nr. Acrylgriff	Art.-Nr. Sterngriff
Mit Auslauf **200 mm**			
chrom	31004-1-C	31004-2-C	31004-3-C
weiß		31004-2-W	
mocca		31004-2-M	
Mit Auslauf **150 mm**			
chrom	31003-1-C	31003-2-C	31003-3-C



Spanhelluborð EHI 6740 FOK

Vörunúmer: 1860232



Spanhelluborð sem er jafn fljótt að hitna og gaslogi. “Direct Touch” rofar fyrir snöggar stillingar. Aflaukning og tímastilling á öllum hitasvæðum.

Helstu atriði EHI 6740 FOK

Helluborð sem lætur þig sleppa ímyndunaraflinu lausu

Infinite spanhelluborð sem gefur þér mikið frjálsræði. Svo lengi sem þú hjúpar einn af krossunum getur þú notað eldunaráhöld af mismunandi stærð og formi.

Ávallt let að hreinsa – þökk sé spanhellutækninni

Með spanhellutækni verður yfirborðið aldrei heitt. Ef eitthvað sullast á helluborðið er bara að strjúka það í burtu með klút.

Þægileg stýring – snúa eða ýta til að stilla réttan styrk

Það er auðvelt að velja rétt hitastig. Ýttu bara á stjórnbúnaðinn eða snúa fingrinum í hring til að kalla fram nýja stilling. Valkostir hitastillingar eru greinilega merktir á brún stýringarinnar – einfalt og fljótlegt.

Helluborð með falda eiginleika til matargerðar í stórum stíl

Eiginleiki helluborðsins til að brúa bil á milli hitasvæða tekur ekkert pláss en þú átt fleiri kosti við matargerðina. Það erhægt að búa til eitt hitasvæði úr tveimur.

Auðvelt að komast að öllum stýringum

Þetta hellurborð er þannig hannað að beint aðgengi er að öllum stýringum. Bara að rétta út hendina og stilla.

Eiginleikar

- Helluborð með innbyggðum stýringum
- Helluborð með fösuðum kanti
- Snertihnappastýringar
- Staðsetning stýringa: Hægra megin að framan

- Upplýstir snertihnappar
- Spanhellusvæði með aflvirkni (“Booster”)
- Automax (helluborðið er snöggt að hitan, fer í hámarkshita og lækkar síðan sjálfvirkt í réttan vinnuhita)
- Stop+ Go virkni (fyrir stutt hlé í matargerð)

- Virknilæsing
- Barnalæsing
- Öryggi: Slekkur sjálfvirkt á sér
- Hljóðmerki

- EcoTimer™ (nýtir afgangshita við lok eldunartíma)
- Timer (hægt að stilla hvenær hitasvæði á að slökkva á sér)
- Auðveld uppsetning með “snap-in”-kerfi
- Litur: Svart



Tæknilegar upplýsingar

- Stærðir
- Breidd, mm 590
- Dýpt, mm 520
- Innbyggingarmál. Hæð mm 55
- Innbyggingarmál Breidd, mm 560
- Innbyggingarmál Dýpt, mm 490
- Radíus horna, mm 5

- Orka
- Mesta orkunotkun, W 7400
- Straumsnúra: Já

- Hitasvæði
- Vinstra framan “Booster” 2300/3200W/210mm
- Vinstra aftan “Booster” 2300/3200W/210mm
- Hægra framan “Booster” 1400/2500W/145mm
- Hægra aftan “Booster” 1800W/2800W/180mm

- Annað
- Gerð á ramma helluborðs Gler með fösuðum kanti að framan
- Aðgerðir: 3ja þrepa vísun á hita, hljóðmerki, “AutoMax”, “Booster”, brú á milli hitasvæða, Barnalæsing, tímastilling, tímstilling fyrir lok eldunar, “Eco”-tímastilling, virknilæsing, hljóðmerki, slökkt á hljóðmerki, “Stop+Go”
- Gerð stjórnborðs: Rafeindastýring, snúningur
- Spenna: V 220-240
- Nettóþyngd., kg 11.4
- Vörunúmer framleiðanda: (PNC) 949 596 048
- EAN-kóði: 7332543183210

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

VÖRUHEITI

EOB 5417 AOX– Fjölnotaofn með skjá

Electrolux

Ofninn er með:

- 'A' orkunýtingarflokkun
- Fjölnotaofn með hringhitaelementi.
- Virkni ofns: Undirhiti, blástur + ljós, blástur + hringhiti, blástur + hringhiti, undirhiti, grill, ljós, undir og yfirhiti, yfirhiti + grill, yfirhiti + grill + undirhiti.
- Ryðfrítt stál með fingrafaravörn.
- Innfellanlegir hnappar.
- Yfirlit yfir rafeindastýringar: Hljóðmerki, tímalengd, endir, mínútuteljari, klukka.
- Yfirlit yfir bakstur á innri hlið hurðar.
- Gljáhúðun á inni hliðum, auðveld í hreinsun.
- Auðvelt að hreinsa hurð.
- Hægt að fjarlægja hitaelement að ofna sem auðveldar hreinsun.
- Kælivifta.
- Fylgihlutir: 1 emeleruð grá ofnskúffa, 2 bökunarplötur, 1 grind
- Lengd á rafmagnskapli: 1,5 m.

Tæknilýsing:

- Hæð (mm) 594
- Breidd (mm) 594
- Dýpt (mm) 567
- Innbyggingarhæð (mm) 590
- Innbyggingarbreidd (mm) 560
- Innbyggingardýpt (mm) 550
- Nýtanlegt rúmmál (Ltr) 74
- Heildarorkunotkun: 3500 Wl
- Öryggi: 16A

Helstu atriði ofnsins

Sami sveigjanleiki og matreiðslumenn þurfa

Þessi ofn býður upp á sama sveigjanleika og matreiðslumenn þarfnast. Hann er með 74 lítra rúmmál, tekur stærstu föt og allt að 9 brautir í hæð.

Einfaldar stýringar – með innfellanlegum stjórnhnöppum og stýringu á starti og endatíma

Þannig að maturinn er ávallt tilbúinn þegar þú óskar. LED-skjárinn leyfir þér að velja endatíma eldunar og tímalengd. Hann er með innfellanlega stjórnrofa og ýtihnappa til að stýra öllum stillingum.

Notið hvern sentimetra innanrýmisins í ofninum – allt mun eldast jafnt.

Vegna „UltraFanPlus“ hitakerfis og extra stórri viftu og hönnun loftflæðis þá eldast maturinn fullkomlega jafnt, hvar sem þú setur hann í ofninn.

Brautir sem auðelda innsetningu og losun á grind, plötum og ofnskúffu.

Taktu forystu – 20% betri nýting orku en í A-flokki orkunýtingar

Þessi ofn er með 20% betri orkunýtingu en ofnar sem eru með orkunýtingarflokkun A, vegna sérlega virkrar einangrunar sem heldur hitanum inni í ofninum til að viðahalda hitastigi eldunar.

Skoðaðu það sem er í ofninum án þess að fá birtuna í augun

Ofnljósið í þessum ofni lýsir inn í ofninn framanfrá til að beina ljósi um allt ofnhólfið. Þannig að þú hefur góða yfirsýn án þess að fá ofbirtu í augun!



VÖRUNÚMER:

1805611

SÖLU- OG ÞJÓNUSTUDEILD HÚSASMIÐJUNNAR

Tengiliður:

Auður Auðunsdóttir

Tölvupóstur: audura@husa.is Sími: 660 3181

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

Háfur

Amica

OKP 631 G Stál

Lýsing:

Háfur – stál (inox)

Hæð: 550-948 mm
Breidd: 600 mm
Dýpt: 500 mm
Litur: Stál (Inox)
Spenna: 230 V
Hámarks hljóðstig 52 dBA
Heildarorkunotkun: 180 W
Ljós: 40 W
Afköst, mesta útsog í lyftri stöðu: 500 m3 / h
Afköst, mesta útsog í lækkaðri stöðu:: 460 m3 / h
Hraðastig á útsogi: 3
Þvermál á útblástursstút: 120 mm

Vinnur í lyftri / lækkaðri stöðu
Halogen ljós
Gerð háfs: Bogadregið gler
Stýring með mjúkum snertihnöppum
Ljós í stjórnhnöppum
Fitusía úr áli
SF-kerfi – Stærra yfirborð fitusíu (+20%)

Vörunúmer:
1850554

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA